

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
ritara iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 18.02.2003

150 REYKJAVÍK

Varðar: **Umsögn og athugasemdir Landsvirkjunar um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á orkusviði**

Landsvirkjun hefur borist bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 5. febrúar 2003, ásamt frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál. Fyrirtækið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið en áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir síðar:

I. kafli, breyting á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður ýmis ákvæði vatnalaga, sem tekið er á í frumvarpi til raforkulaga, sem nú liggur fyrir Alþingi og gert er ráð fyrir að taki gildi á sama tíma. Miðað við þá forsendu gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarpið.

II. kafli, breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður II. kafla um vinnslu raforku og IV. kafla um héraðsrafmagnsveitur. Breytt er 1. mgr. 61. gr. um hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins og felld brott ýmis ákvæði í IX. kafla er varða Rafmagnsveitur ríkisins. Loks er felld brott ákvæði í XI. kafla (79. gr.) er varðar réttarræði vegna innheimtu gjalda fyrir rafmagnsnotkun. Eftir því sem nauðsyn ber til er tekið á atriðum þessum í frumvarpi til raforkulaga sem ætlað er að taki gildi á sama tíma. Miðað við þá forsendu gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarpið.

III. kafli, breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum

Í frumvarpinu eru felldar brott úr lögnum almennar virkjunarheimildir, en heimildir til virkjana sem tilgreindar eru í gildandi lögum eru láttnar halda sér þótt flestar þeirra hafi þegar verið nýttar. Ákvæði um röð virkjanaframkvæmda og ákvæði um eignarnám eru felld brott. Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda taki lögin gildi á sama tíma og ný raforkulög.

IV. kafli, breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum

Í frumvarpinu eru einfölduð ákvæði um tilgang Landsvirkjunar og felld brott ákvæði um orkusvæði fyrirtækisins. Felld eru brott ákvæði varðandi forgöngu um virkjanir og uppbyggingu meginstofnlínukerfis svo og varðandi leyfisveitingar ráðherra, gjaldskrá, orkusölusamninga, eignarnám o.fl. Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda taki lögin gildi á sama tíma og ný raforkulög.





V. kafli, breyting á lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja
Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

VI. kafli, breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða
Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

VII. kafli, breyting á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur
Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri